

## **Reglur um eingreiðslu til húsbyggjenda í Djúpavogshreppi**

**Sveitarstjórn Djúpavogshrepps veitir húsbyggjendum í Djúpavogshreppi styrk til byggingar á íbúðarhúsnaði skv. sérstökum reglum þar um.**

### **Reglurnar eru sem hér greinir:**

1. Greiddur verður styrkur (eingreiðsla) til húsbyggjenda í Djúpavogshreppi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Eingöngu lóðarhafi getur sótt um styrkinn. Ekki verður gengið frá sérstöku umsóknareyðublaði, en sveitarstjóri / form. SFU mun aðstoða við gerð umsókna.
2. Húsbyggjandi verður að eiga lögheimili í sveitarfélaginu, þegar umsókn er lögð inn.
3. Styrkur er eingöngu veittur til byggingar íbúðarhúsa og lágmarksstærð þeirra þarf að vera 60 m<sup>2</sup> að grunnflatarmáli. Sumarhús, smáhýsi og svonefnd frístundahús eða hús sem ætluð eru til skammtímaleigu falla ekki undir reglurnar, þar sem markmiðið með reglunum er m.a. að stuðla að fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.
4. Byggingaryfirvöld í Djúpavogshreppi þurfa að hafa veitt öll tilskilin leyfi til húsbyggingarinnar áður en styrkumsókn er lögð inn.
5. Eingöngu verður veittur styrkur til nýbygginga á byggingarsvæðum innan skipulagðrar íbúðabygðar í Djúpavogshreppi.
6. Fjárhæð byggingarstyrks er kr. 1.500.000.- og skal upphæðin færð á viðskiptareikning húsbyggjanda að öllum skilyrðum uppfylltum þaðan sem dragast öll gjöld sem innheimt eru skv. gjaldskrá 420/2018 eða síðari gjaldskrá(m) um sama efni.
7. Greiðslan skal því aðeins innt af hendi að hús sé eigi síðar en í árslok 2019 fokhelt skv. vottorði frá byggingarfulltrúa. Reglurnar gilda til loka árs 2019.

Sveitarstjóri